

Fundur hagsmunaaðila og stofnaðila Austurbrúar haldinn á Teams, 10. mars 2025, kl. 16:00.

Fundur boðaður með tölvupósti til hagsmunaaðila og stofnaðila annarra en sveitarfélaga. Fundurinn fór eftir dagskrá skv. 11. gr. skipulagsskrár Austurbrúar.

Mættir fulltrúar hagsmunaaðila og stofnaðila voru:

Hlín Pétursdóttir Behrens Fagráð Austurbrúar
Kristján Ketill Stefánsson, Fagráð Austurbrúar
Sindri Sigurðsson, Fagráð Austurbrúar
Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Hótel Breiðdalsvík
Árni Ólason, Menntaskólinn á Egilsstöðum
Sigfinnur Björnsson, Tanni Travel
Oddný Eir Ævarsdóttir, Gunnarsstofnun
Berglind Steina Ingvarsdóttir, Mjóeyri
Arngrímur Viðar Ásgeirsson, Álfheimar
Björg Björnsdóttir, Minjasafn Austurlands
Gunnþór Ingvason, Útvegsmannafélag Austurlands
Kristín Dröfn Halldórsdóttir, Vök Baths
Ragnhildur Ástvaldsdóttir, Sláturhúsið
Rannveig Grétarsdóttir, Elding
Sævar Guðjónsson, Mjóeyri
Stefanía Karlsdóttir, Grund/Stuðlagil
Elí Þór Vído Gunnarsson; East Highlanders

Lárus Heiðarsson, Fljótsdalshreppur
Hlynur Jónsson, Múlaþing
Íris Edda Jónsdóttir, Vopnafjarðarhreppi

Mætt frá Austurbrú: Bryndís Fiona Ford framkvæmdastjóri, Erla Dögg Grétarsdóttir og Sigrún Jóhanna Práinsdóttir, verkefnastjórar markaðsmála, Urður Gunnarsdóttir, verkefnastjóri sóknaráætlunar.

Framkvæmdastjóri Austurbrúar Bryndís Fiona Ford setti fundinn og stýrði honum. Fundarritari Urður Gunnarsdóttir.

Dagskrá:

1. Starfsemi Austurbrúar kynnt
2. Áherslur í markaðsmálum
3. Kosning fagráðs
4. Fulltrúar á ársfund (hagsmunaaðildar)
5. Önnur mál

1. Starfsemi Austurbrúar kynnt

Kynnt var starfsemi Austurbrúar, farið yfir starfs- og fjárhagsáætlun fyrir 2026 og áherslur í markaðsmálum ferðapjónustu kynntar.

Bryndís framkvæmdastjóri kynnti skipulag og starf Austurbrúar, sem hverfist um þróun, þekkingu og þjónustu, verkefni á vegum SSA og innri verkefni. Bryndís sagði að lögð væri áhersla á samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Bryndís fór yfir svæðisskipulag 2022-2044 og sóknaráætlun Austurlands 2025-2029 og tengsl við verkefni Austurbrúar.

Þá var farið yfir starfsáætlun Austurbrúar fyrir yfirstandandi ár, kynnt verkefni m.a. í, umhverfismálum, byggða- og atvinnuþróun, menningarhátíðina BRAS og Matarauð Austurlands, svo og háskólamál, símenntun, fyrirtækjafræðslu, ráðgjöf og raunfærnimat og evrópsk og norræn rannsóknarverkefni.

Að því búnu fór Bryndís yfir fjárhagsáætlun Austurbrúar og tekjuáætlun.

Umræður urðu um fjárhagsáætlun –hvort hægt væri að sjá tekjur eftir málaflokkum, t.d. menningu, ferðapjónustu, rannsóknir, fræðslu osfrv.

2. Áherslur í markaðsmálum

Erla Dögg, verkefnastjóri hjá markaðsstofu Austurlands kynnti áherslur í markaðssetningu Austurbrúar þar sem áherslan er að fá beint flug á Austurland og lengja ferðatímabilið. Áhersluverkefni eru ferðaleiðir, bæði vetrarleiðir og svo gönguleiðir, og svo að færa sögur fólks, fyrirtækja og staða nær ferðafólki. Áfangastaðaáætlun fyrir Austurland sem er í vinnslu.

Umræður sköpuðust um viðhald á göngustígum og yfirlit yfir það, sem vonast er til að liggi fyrir í vor. Spurt var hver væri fyrirstaðan í vetrarferðamennsku, hvort það væri gisting eða annað. Þar kom fram að tryggja þyrfti framboð á gistingu, veitingum, þjónustu og afþreyingu allan ársins hring. Spurt var hvort skýri tenging væri við menningu á svæðinu í tengslum við ferðapjónustu og hvort listamenn, t.d. leikarar, væru hluti af átaki um að segja sögur frá fjórðungnum. Spurt var um Starfamessu, sem verður haldin í september nk., og hvernig ætti að bæta þjónustu við eldra fólk, en það verður eitt af átaksverkefnum sóknaráætlunar.

3. Kosning fagraðs

Kosning fagraðs skv. 10. gr. skipulagsskrár Austurbrúar. Framkvæmdastjóri fór í gegnum hlutverk fagraðs og fyrirkomulag um skipan stjórnar samkvæmt samþykkt Austurbrúar og hlutverk fagraðs. Lögð var fram eftirfarandi tillaga um fulltrúa í fagrað og þá um leið stjórnarmenn sem taki sæti í stjórn Austurbrúar:

Díana Mjöll Sveinsdóttir (Ferðamálasamtök Austurlands) – formaður og fulltrúi í stjórn Austurbrúar

Sindri Karl Sigurðsson (Útvegsmannafélag Austurlands) varaformaður og fulltrúi í stjórn Austurbrúar

Hlín Pétursdóttir Behrens (Bandalag íslenskra listamanna)

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir (Afl stéttarfélag)

Kristján K. Stefánsson (Háskóli Íslands)

Önnur framboð bárust ekki og var því tillagan samþykkt samhljóða

4. Fulltrúar á ársfund (hagsmunaaðildar)

Fundarstjóri fór yfir fyrirkomulag varðandi ársfund Austurbrúar og óskað eftir framboðum um hverjir gæfu kost á sér að fara með fimm atkvæði fyrir hönd skráðra hagsmunaaðila á ársfundi Austurbrúar þann 20. mars nk.

Samþykkt samhljóða að Sigfinnur Björnsson, fari með 5 atkvæði hagaðila inn á fundinn.

5. Önnur mál

Spurt var um hátt hlutfall fulltrúar sveitarstjórnarmála í stjórn Austurbrúar og hvort það endurspeglaði starf og áherslur hennar. Einnig var rætt um hvernig vara sem framleidd er á Austurlandi og matur væri merktur til að lyfta fjórðungnum

Fleira var ekki rætt.

Fundarstjóri þakkaði fyrir fundinn og minnti á ársfund Austurbrúar föstudaginn 20. mars nk. sem haldinn verður á Fáskrúðsfirði.

Fundi var slitið kl. 16:45